

Svartnætti

Ég varð að hlaupa fram á gang, svo hræðilega falskur var söngurinn. Ég þorði ekki að koma aftur inn fyrir en hún var búin að blása á kertin og lófaklappinu lauk. Enginn tók eftir mér þar sem ég stóð við opnar stofudyrnar og beið rólegur þar til allir voru búnir að fá sér sneið svo ég gæti fengið mér af kökunni líka. Þau fengu sér sæti hvert af öðru í sófunum í stofunni meðan ég reyndi eins laumulega og ég gat að næla mér í bita án þess að nokkur sæi til. Mér var tæknilega séð ekki boðið að fá mér köku en ég bjó í þessu húsi alveg jafn mikið og Áslaug. Hvað með það þótt þetta væri hennar afmælisveisla en ekki mín? Fyrir utan, barðist snjókoman á eldhúsglugganum í myrkrinu. Ég leit út um hann og sá hvernig élið feyktist í allar áttir með rokinu og hvernig eitt dauft ljós frá næsta bæ flókti í fjarska. Ég hef aldrei verið hrifinn af því að búa úti í sveit á veturna, mér finnst umhverfið verða svo skuggalegt. Sérstaklega þegar það verður mjög dimmt, eins og núna. Allt í einu kemur rosa vindhviða. Hún veldur því að ruslatunnan úti fýkur um koll með ærandi hávaða, og ljósið yfir eldhúsbordinu slökknar í smá stund. Mér bregður svo mikið að ég fel mig ósjálfrátt undir borðinu. Allir gestirnir líta út og spyrja hvert annað hvað í ósköpunum gangi á. Ég gríp tækifærið og reyni að smeygja mér aftur fram á gang í von um að enginn taki eftir mér. „Heyrðu,“ er þá kallað. „Þú átt ekki að vera hér,“ segir Áslaug og gengur stórum skrefum að mér. Ó nei. „Og bíddu, hvað ertu með þarna?“ segir hún þegar hún er komin nær mér. Ég fatta þá að ég er með heilmikla rjómaklessu framan í mér. „Kakan er ekki handa þér, fábjáni,“ segir Áslaug og ætlar að reka mig út úr eldhúsinu. Ég er hins vegar fyrri til og stekk fram og beint niður í kjallara. Þangað myndi hún ekki nenna að elta mig. Hún ákveður að láta mig í friði og lokar kjallarahurðinni. Það er aðeins eitt ljós kveikt svo það er frekar dimmt en ég get þó séð gamla hægindastólinn í horninu sem hefur verið geymdur hérna niðri í nokkur ár því enginn nennir að losa okkur við hann. Síðastliðna mánuði hef ég þó komið mér vel fyrir í honum og oft fengið mér blund þar. Mér finnst það gott því hér truflar mig enginn og langoftast finnur mig enginn heldur. Ég kem mér fyrir á púðanum á stólnum og leyfi augunum að lokast og huganum að flakka. Ég er fljótur að sofna og næ djúpum svefni þar að auki, ekki eitt einasta hljóð gat vakið mig. Ég vakna ekki þegar Áslaug skríkir af gleði þegar hún fær ný heyrnartól í afmælisgjöf og hendir umbúðunum yfir stofuna. Ég vakna ekki þegar stóra kertið á kómmóðunni í eldhúsinu dettur og lendir í eldhúsdyrnunum. Ég vakna heldur ekki við öskrin í afmælisgestunum þegar rafmagnið fer af. Nei, ég vakna ekki fyrir en mörgum tímum síðar þegar kjallarahurðin er skyndilega rifin upp af hjörunum og grá þoka fyllir herbergið. Maður í þykkum

fötum gengur að mér og tekur mig í fangið. Ég heyri lágt snark, eins og einhver sé frammi að borða kex, áður en ég sofna aftur. Ég vakna aftur, enn í fangi mannsins stuttu seinna með teppi vafið utan um mig. Björt, ljós og lykt af brenndu plasti umkringja mig og snarkið heyrist enn. Fleira fólk í þykkum fötum ýtir hvítum bekkjum upp í stóran bíl með bláu ljósi ofan á og einn heldur á langri slöngu sem spýtir vatni. Ég finn að maðurinn sem heldur á mér leggur mig niður og inn í búr. Hann klappar mér rólega eftir feldinum og segir: „Þú ert nú aldeilis heppinn, þú hefur greinilega átt nokkur líf eftir.“